

**Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]**  
um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

- a. Ákvæði 3. töluliðs 1. málsg. 6. gr. laganna falli niður.
- b. Í 2. málsg. 6. gr. falli niður orðin „óflekkað mannorð og“.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frv. þetta er borið fram samfara frv. um breytingu á almennum hegningarlögum. Í greinargerð fyrir því frv., er það var lagt fyrir Alþingi 1957 (þskj. 217), eru reifuð þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þessu frv., og þykir mega vísa þangað, sbr. III. kafla d. í greinargerðinni.

Ef óflekkað mannorð er fellt niður sem kosningarréttarskilyrði og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar, svo sem lagt er til í frv. þessu, þá hefur það áhrif á lög, sem tengja kosningar í nefndir við kjörgengis- eða kosningarréttarskilyrði laga nr. 81/1936. Svo er þessu t. d. háttáð um sýslunefndir, sbr. l. 12/1927, 31. gr., og um einstakar nefndir, sem kosnar eru af sveitarstjórnnum, svo sem niðurjöfnunarnefndir, sbr. l. 66/1945, 17. gr., barnaverndarnefndir, sbr. l. 29/1947, 6. gr. o. fl., sjá einnig t. d. l. 19/1948, 60. gr., um forðagæzlumenn.